

## 7. bekkur 2024 - 2025

**Umsjónarkennari:** Oddrún Ýr Sigurðardóttir  
**Heimastofa:** Móaland.

Í 7. bekk leggjum við mikla áherslu á samskipti og félagsfærni. Við leggjum okkur fram við að efla sjálfsmynd nemenda með jákvæðni, hvatningu og hrósi að leiðarljósi. Kennslan beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti. Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar og skemmtilegar kennsluáferðir.

### Íslenska

Kennari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá, viðmið við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-19>

**Aðalviðfangsefni** - Markmiðin eru tengd fjölbreyttum viðfangsefnum.

**Námsefni** - Veraldarvefurinn, Skólavefurinn, fjölbreyttar lestrarbækur, Smellur/æfingabók í læsi, málfræðiverkefni af ýmsum toga, valdar bókmenntir, ljóð og stuttar skáldsögur og þematengd viðfangsefni.

**Kennsluhættir og fyrirkomulag** - 6 kennslustundir á viku ásamt nemendum á miðstigi. Nemendur vinna einstaklingsverkefni, í hópum eða pörum. Innlagnir eru í byrjun nýs verkefnis eða lotu. Skólavikunum er skipt niður, áhersla hverrar viku er mismunandi. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, skapandi vinnu og skapandi skil.

**Námsmat** - Lesfimi er metin með prófum þrisvar á skólaárinu. Lesskilningur er metinn með Orðarún í upphafi skólaárs og á seinni hluta þess. Kannanir eru lagðar fyrir eftir ákveðin viðfangsefni þegar það á við. Í skilum á mörgum verkefnum er vinna, framlag og skil metin.

### Stærðfræði

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá fyrir lok 7. Bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

**Helstu viðfangsefni** - Heilar tölur, tugabrot, almenn brot, reikniaðgerðirnar fjórar, tölfræði, líkur, hlutfallareikningur, rúmfræði, mælingar, hnitakerfi og mynstur.

**Námsgögn** - Stika 3a og 3b, nemendabækur og æfingahefti. Stærðfræðiverkefni sem kennari útvegar og hentar hverjum og einum.

**Kennsluhættir og fyrirkomulag** - 5 kennslustundir á viku. Nemendur miðstigs eru saman í tímum.

Námsefninu er skipt upp í lotur og aðlagð að þörfum hvers og eins. Unnið eftir aðferðum Hugsandi

skólastofu (Building thinking classroom) þar sem nemendur vinna saman í 2ja til 3ja manna hópum standandi við tússtöflur og leysa verkefni sem reyna á skapandi hugsun, lausnaleit og samvinnu. Aðferðin fær nemendur til að deila sínum aðferðum og hugmyndum með jafningjum og til að tala um stærðfræði, sem bætir árangur. Tússtöflur, þar sem auðvelt er að varpa fram og aftur hugmyndum, veita nemendum frelsi til að koma hugmyndum sínum á framfæri þar sem auðvelt er að stroka út og byrja aftur. Eins veitir það að standa uppréttur við vinnu sína aukið frelsi og er líklegt til að efla virkni og sjálfsöryggi nemenda, annað en þegar setið er við borð. Vinna við töflurnar veitir kennara einnig góða yfirsýn yfir virkni og gengi nemenda og getur þannig brugðist hratt við þegar nemendur þurfa aðstoð eða eru óvirkir. Aðferðin einblínir á að kennari aðstoði við að finna leið að lausn verkefna fremur en að sýna nemendum lausnina. Námið felst í hugsun nemenda. Nemendur vinna einnig sjálfstætt við borð og nýta það sem þeir lærðu á töflunum. Stuðningsfulltrúi er inni í öllum tímum og hefur hópurnar stórt rými til afnota. Það býður upp á að hægt sé að sinna einstaklingum þar sem þeir eru staddir mjög vel. Lítið verður um heimanám ef nemendur nýta tímann sinn vel í skólanum en fylgjast þarf vel með á mentor ef nemandi missir úr.

**Námsmat** - Símat, glósugerð og lotukannanir.

## Náttúrufræði

Kennarar: Halla Sigríður Bjarnadóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá Grunnskóla, náttúrugreinar við lok 7. bekkjar  
<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-22>

**Helstu viðfangsefni** - Lífvísindi, eðlisvísindi, jarðvísindi og umhverfismennt.

**Námsgögn** - Auðvitað bækur, Náttúrulega 1, Náttúrulega 2, veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fjölbreytt efni frá kennara.

**Kennsluhættir** - Fyrirlestrar, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni vikunnar. Vinna í pörum og hópum eru ríkjandi aðferðir, eins verða unnin verkefni einslega. Á haustönn eru kennd lífvísindi, eðlisvísindi og jarðvísindi. Á vorönn er vísindavaka, eðlisvísindi, umhverfismennt og lífvísindi.

**Kennslufyrirkomulag** - Náttúrufræði er kennd þrjá daga vikunnar, 40 mínútur í senn.

**Námsmat** - Vinnubók, verkefni og stuttar kannanir.

## Samfélagsfræði

Kennari: Aníta Hrund Vilhjálmsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá viðlok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24>

**Helstu viðfangsefni** - Landafræði, umhverfisfræði, trúarbragðafræði, samfélag og saga. Ásamt öðrum örverkefnum.

**Námsgögn** - Vefur mms.is, ýmsu kennslubækur, efni af netinu og verkefni unnin af kennara.

**Kennsluhættir** - Nemendur vinna verkefni tengd efninu ýmist einir eða saman í hópum. Leitast er við að auka sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og þjálfá þá í umræðum og efla gagnrýna hugsun. Leitast er við að mæta þörfum hvers og eins.

**Kennslufyrirkomulag** - Samfélagsfræði er kennd fjórum sinnum í viku. Verkefni eru unnin í lotum. Nemendum á miðstigi er kennt saman.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat. Námsmat byggist á símati og sjálfsmati. Virkni, samvinna, samskipti og afkastageta nemenda er einnig metin.

## Enska

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

**Markmið** - Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir ensku:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-20>

**Helstu viðfangsefni** - Að tjá sig á ensku og bjarga sér í daglegu lífi, t.d. í verslun, ferðalögum og í spjalli við jafnaldra. Áhugasvið nemenda tekið fyrir, t.d. íþróttir, gæludýr o.fl.

**Námsgögn** - Yes, we can 7. Léttlestrarbækur, teiknimyndir, útprentað námsefni, gagnvirkt efni og kennsluforrit af veraldarvefnum, orðabækur, spil, leikir og söngvar.

**Kennsluhættir** - Kennt verður í lotum og verður vinnan þematengd. Inn í þemun verða tengd verkefni sem þjálfá atriði sem nefnd eru í aðalnámskrá og verður unnið með hvert viðfangsefni á fjölbreyttan hátt. Áhersla er lögð á að byggja jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður sem örva nemendur til að nota málið á einfaldan hátt. Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og leikræn tjáning.

**Kennslufyrirkomulag** - 3 kennslustundir á viku ásamt nemendum úr 6. og 5. bekk. Einstaklingsvinna í bland við hópavinnu og mikil áhersla er á að auka orðaforða.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat, sjálfsmat, kannanir, þátttaka í tímum, verkefni og æfingar.

## Danska

Kennari: Aníta Hrund Vilhjálmsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-20>

**Helstu viðfangsefni** - Líkaminn, grunnorðaforði í samskiptum, föt, litir, dagarnir og klukkan, fjölskyldan, heimilið, dýr og dönsk menning í kringum hátíðir.

**Námsgögn** - Námsvefur, námsbækur og verkefni unnin af kennara. Spil og munnlegar æfingar.

**Kennsluhættir** - Verkefni eru unnin í einstaklings- og hópavinnu, ásamt munnlegum og skriflegum æfingum. Einn þáttur er tekinn fyrir í einu, þannig að veturinn skiptist í níu lotur auk lokaverkefnis.

**Kennslufyrirkomulag** - Munnlegt, skriflegt og hlustun í bland. Danska er kennd tvo tíma í viku, 40 mínútur í senn. Nemendum miðstigs er kennt saman.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat, sjálfsmat, kannanir, þátttaka í tímum, munnlegt mat, verkefni og æfingar.

## Myndmennt

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>. Leitast er við að nemandi geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist litafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, eignum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleka hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

**Námsgögn** - Verkefni úr bókinni "Ég sé með teikningu" og unnið með hugmyndir af netinu.

**Námsmat** - Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, virkni, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

**Kennsluhættir** - Verkefni er kynnt fyrir nemendum ásamt miðlum sem unnið er með. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og nemendur vinna verkefni út frá sinni getu og hugmyndum. Stutt er við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

**Kennslufyrirkomulag** - Myndmennt er kennd til móts við heimilisfræði 40 mínútur á viku. 6. og 7. bekkur fer í 4 vikur í myndmennt á meðan 5. bekkur fer í heimilisfræði og svo er því öfugt farið næstu fjórar vikur á eftir.

## Hönnun og smíði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Nemendur nota m.a. efni úr skóginum í Þjórsárdal. Einnig verða unnin verkefni úr ýmsum öðrum efnum. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í að geta unnið út frá teikningum og læri að velja rétt verkfæri hverju sinni. Nýsköpunarkennsla fléttast inn í þessa námsgrein.

**Námsgögn** - Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson, ljósrít frá kennara, Veraldarvefurinn og verkefni í nýsköpun.

**Kennsluhættir** - Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

**Kennslufyrirkomulag** - 7.bekkur verður samtals hálfan veturinn með 6.bekk í smíði á móti 5.bekk, nokkur skipti í senn. Kennslustundin er 80 mín.

**Námsmat** - Þættir eins og hæfni í notkun áhalda, frágangi, vandvirkni og frumkvæði eru metnir.

## Textíll

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Nemendur læra að setja fram og vinna eftir eigin hugmyndum, að tileinka sér helstu hugtök greinarinnar og þekkja áhöld hennar. Læra að sauma útsaumsspor, nota saumavél, sauma saman efni og nota mismunandi spor. Vinna með íslensku ullina, tileinki sér helstu atriði í þrjú og að skipta um garnlit í þrjú. Læra að beita heklunál og hekla einfalt hekl.

**Kennsluaðferðir** - Bein kennsla og sýnikennsla.

Kennslufyrirkomulag - Á stundaskrá eru tvær kennslustundir í viku, hluta af haustönn og hluta af vorönn.

**Námsmat** - Við námsmat að loknum vetri verður tekið mið af vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður hvert verkefni metið, með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

## Heimilisfræði

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir heimilisfræði við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Hreinlæti og frágangur í kringum matargerð og borðhald. Framkvæmdar uppskriftir eftir fyrirmælum úr bókum. Rifjum upp heiti helstu áhalda sem notuð eru og hvar þau eru í eldhúsinu. Rætt um hvað er hollt að borða.

**Námsgögn** - Gott og gagnlegt, fyrir 7. bekk og veraldarvefurinn.

**Kennsluhættir** - Verklegar æfingar og umræður.

**Kennslufyrirkomulag** - Heimilisfræði er kennd einu sinni í viku, 80 mínútur í senn, hluta af haustönn og hluta af vorönn.

**Námsmat** - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

## Útikennsla

Kennari: Lilja Loftsdóttir

**Markmið** - Markmið útináms eru að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúru á þeirra daglega líf. Einnig að nemendur læri að tileinka sér sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, útivistar, hreyfingar og heilbrigði. Einnig er lögð áhersla á að nemendur klæði sig rétt miðað við veðurfar hverju sinni.

**Helstu viðfangsefni** - Viðfangsefni útináms eru fjölbreytt og fléttast saman við aðrar greinar skólans. Sérstök áhersla verður lögð á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og einkenni þeirra, veðurfar, hreyfingu, sköpun og sjálfbærni. Auk þess munu félagsþættir vega þungt í útinámi svo sem samskipti og félagsfærni.

**Kennsluhættir og kennsluaðferðir** - Kennsla fer að mestu leyti fram utandyra og byggir að mestu á athugunum, umræðum, þrautum og skapandi verkefnum. Nemendur munu ýmist vinna í samvinnu við aðra eða sjálfstætt við öflun gagna, athuganir, prófanir, mælingar og úrvinnslu.

**Námsmat** - Lagt verður mat á færni, framfarir, vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður metið hvernig nemendum gengur að tileinka sér markmið námsins.

## Skólaípróttir

Kennari: Halla Rúnarsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-23>

**Helstu viðfangsefni** - Kennnd verða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræði, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir. Áhersla er lögð á að þjálfra sköpun og tjáningu og auka heilbrigði nemenda.

**Námsgögn** - Unnið er með þau íþróttaáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

**Kennsluhættir** - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

**Kennslufyrirkomulag** - Bekkurinn fer í íþróttir 1x í 80 mínútur á viku ásamt 8. bekk. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í íþróttasal í Árnesi. Í einhverjum tilfellum fer kennsla fram utandyra, aðallega að hausti og um vor.

**Námsmat** - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-23>

**Helstu viðfangsefni** - Í 5.-7. bekk er aukin áhersla á heilsuuppeldi, líkamsvitund og upplifun nemandans á umhverfi sínu. Samhliða verklegri kennslu skal á markvissan hátt auka þekkingu nemenda á gildi hreyfingar til heilsuræktar og eigin mati á stöðu sinni. Áhersla skal einnig aukin á öryggisþætti og viðbrögðum við slysum í íþróttum og við sundiðkun.

Í skólasundi skal leggja megináherslu á leikni þætti og kennslu allra sundaðferða og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og gera nemendur þar með vel sundfæra. Aukin áhersla ætti einnig að vera á notkun vatnsins til heilsueflingar með margvíslegum æfingum bæði á sundi og við fjölbreyttar styrkjandi æfingar í vatninu þar sem það er notað sem mótstaða. Huga skal vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðferðis þroska nemenda.

**Námsgögn** - Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

**Kennsluhættir** - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

**Kennslu fyrirkomulag** - Nemendur 7. bekkjar eru í hópi með 8. bekk. Kennt er 40 mínútur í senn, 1x í viku. Kennslan fer fram í Brautarholti.

**Námsmat** - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## Lífsleikni

Kennari: Oddrún Ýr Sigurðardóttir

**Markmið** - Að styrkja samskiptafærni nemenda, takast á við dagleg samskipti í skólanum og ræða málefni sem koma upp á skólatíma. Að efla sjálfsþekkingu og öðlast betri skilning á eigin styrkleikum, veikleikum, gildum og áhugamálum. Að efla samskiptafærni, læra að tjá sig skýrt og virða skoðanir annarra. Nemendur skulu öðlast færni í að taka upplýstar ákvarðanir, greina valkosti og meta afleiðingar þeirra. Nemendur skulu læra að þekkja og stjórna eigin tilfinningum, auk þess að sjá hliðar annarra.

**Helstu viðfangsefni** - Bekkjarfundir/einstaklingsviðtöl.

**Kennsluhættir** - Málefni líðandi stundar rædd á bekkjarfundum, farið verður í verkfærakistur ART eftir þörfum.

**Kennslufyrirkomulag** - 2 x 40 mínútna tímar á viku.

## Upplýsingatækni

Kennari: Aníta Hrund Vilhjálmsdóttir

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir upplýsinga og tæknimennt við lok 7. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-26>

**Helstu viðfangsefni** - Skrá sig inn á sitt office svæði í skólatölvum þar sem að nemendur setja upp sitt svæði, gera möppur og halda vel um sín rafrænu skjöl. Lærum að nota Microsoft forritin og þá sérstaklega Word, Excel og Power point. Unnið er á forrit á skýi. Einnig skoðum við og þjálfum upplýsingalæsi, ábyrga netnotkun, forritun og fingrasetningu. Lærum líka á nytsamleg öpp í spjaldtölvum, mynd- og hljóðvinnsluforrit og helstu google forrit.

**Námsgögn** - Ýmis kennsluforrit á vef menntamálastofnunar. Office pakkinn og netsvæði hvers og eins. Forritunarvélmennin Dot og Dash. Spjaldtölvur og Google forrit.

**Kennsluhættir** - Innlögn í upphafi tíma, nemendur vinna verkefni í tölvum eða spjaldtölvum. Kennsla fer einnig fram í öðrum námsgreinum, t.d. við gerð glærusýninga og í ritun.

**Kennslufyrirkomulag** - Upplýsingatækni er kennd 1x í viku, 40 mínútur í senn.



**Námsmat** - Virknimat, þekking, leikni og hæfni viðmiða í aðalnámskrá.